

# HÚSÖNDIN

75.tbl. 2.árg.  
21.ágúst 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 22.-28. ÁGÚST



- 24.8 Gísli Árnason, Tereza Kopalová  
25.8 Kristján Stefánsson  
26.8 Ísak Sigurðsson, Guðveig Guðmundsdóttir, Bernadetta Kozaczek  
27.8 Stefanía Halldóra Stefánsdóttir  
28.8 Helgi Þorleifur Þórhallsson



Skólasetning Reykjahlíðarskóla og  
Tónlistarskóla Mývatnssveitar verður  
mánudaginn 26. ágúst kl. 10:00.



# FIRMAKEPPNI ÞJÁLFA

verður haldin  
laugardaginn 24.08  
kl. 14:00 á Einarsstöðum.

Keppt verður í flokkum:  
Polla / Barna / Unglinga og Ungmenna / Kvenna / Karla

Keppnin verður með hefðbundnu og frjálsu sniði eins og áður  
og mun skráning fara fram á staðnum.

Grillum pyslur að lokinni keppni  
500 kr. pylsa og svali/gos  
ATH. Enginn posí á staðnum

Hvetjum alla til að mæta og hafa gaman saman.  
Frekari upplýsingar veitir Freddi í síma 698-6810

Firmanefnd Þjálfa

# Gámar og aðrir lausafjármunir – Umsóknir um stöðuleyfi



Af gefnu tilefni vill skipulagsnefnd Skútustaðahrepps vekja athygli á, með vísan til greinar 2.6.1 í byggingarreglugerð 112/2012, að sækja skal um stöðuleyfi til sveitarfélagsins til að láta eftirfarandi lausafjármuni standa lengur en two mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjármuna:

- Hjólhýsi, á tímabilinu frá 1. október til 1. maí.
- Gáma, báta, torgsöluhús, frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, og stór samkomutjöld.

Umsókn um stöðuleyfi skal vera skrifleg og undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi hlutar og skal fylgja samþykki eiganda eða lóðarhafa þeirrar lóðar sem fyrirhugað er að lausafjármunirnir standi á. Umsóknareyðublað má finna á heimasíðu Skútustaðahrepps,

**[www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is)**, undir stjórnsýsla, umsóknareyðublöð og almennt umsóknareyðublað

Umsóknir um stöðuleyfi verða teknar til afgreiðslu í skipulagsnefnd og niðurstaða þeirrar afgreiðslu öðlast gildi með staðfestingu sveitarstjórnar.

Fh. skipulagsnefndar,  
Skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps

## Bændur á Austurafrétt

Samverustund til viðgerða á Hlíðarrétt  
verður miðvikudaginn 28.ágúst kl. 17:00

Aðrir áhugasamir velkomnir  
Réttarstjóri

### Góðan daginn

Mig langar að forvitnast hvort einhver gæti hugsanlega leigt mér húsnæði, íbúð eða herbergi. Það mætti vera til tveggja ára en líka jafnvel bara næsta sumar (að minnsta kosti frá apríllokum og fram í byrjun október). Ég er að sjálfsögðu tilbúin til að taka þátt í húsverkum.

Það má hafa samband við mig í tölvupósti ([agneslebeaupin@gmail.com](mailto:agneslebeaupin@gmail.com)) eða á Facebook.

Síminn minn er 8665604.

Bestu þakkir og kærar kveðjur;  
Agnes.

